

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 20. janúar 2020 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-44/2019.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 12. júní 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á viðgerðarþjónustu fyrir farsíma af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir seljanda hafa valdið tjóni á farsíma sínum þegar seljandi fékk farsímamann afhentan til skoðunar vegna brotins skjás. Farsímanum var fargað og álitsbeiðanda gert að greiða 3.675 krónur auk dráttarvaxta fyrir skoðunina, sem álitsbeiðandi krefst þess að fá endurgreitt.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 22. ágúst 2019, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér þá heimild og bárust andsvörin 12. september 2019. Andsvörin voru send til álitsbeiðanda þann 13. september 2019 og álitsbeiðanda veittur kostur á að skila inn athugasemdum vegna andsvaranna. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og bárust athugasemdirnar sama dag. Neftndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 16. janúar 2020, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi fór með farsíma af gerðinni Samsung Galaxy s6 til skoðunar á verkstæði seljanda þann 15. janúar 2018 vegna þess að skjár farsímans var brotinn. Vildi álitsbeiðandi fá upplýsingar um það hvort unnt yrði að gera við farsímamann og skildi farsímamann eftir á verkstæðinu.

Að sögn álitsbeiðanda fékk hann nokkru síðar sendan reikning frá seljanda að fjárhæð 3.675 krónur vegna skoðunar á farsímanum. Við nánari athugun kom í ljós að seljandi hafði fargað farsímanum en álitsbeiðandi segir að hann hafi aldrei verið látinn vita að hann mætti sækja farsímamann í viðgerð. Seljandi krafðist þess þó að álitsbeiðandi greiddi skoðunargjaldið sem hann að endingu gerði. Álitsbeiðandi telur sér ekki hafa verið skylt að greiða skoðunargjald vegna farsíma í hans eigu, sem síðar var fargað án hans samþykkis, ásamt mikilvægum gögnum sem voru í farsímanum. Krefst álitsbeiðandi endurgreiðslu á skoðunargjaldinu og bendir á að farsíminn hafi verið mun verðmætari en fjárhæð skoðunargjaldsins.

### **IV**

#### **Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda kemur fram að álitsbeiðandi hafi komið með mikið skemmdan farsíma í sinni eigu í ástandsskoðun til seljanda þann 15. janúar 2018. Seljandi bendir á að álitsbeiðandi hafi í upphafi fengið upplýsingar um fjárhæð skoðunargjaldsins og að seljandi hafi tilkynnt honum að hann taki ekki ábyrgð á þeim gögnum sem væru í farsímanum. Álitsbeiðandi óskaði ekki eftir því að reynt yrði að bjarga gögnum.

Seljandi kveðst hafa reynt að hafa samband við álitsbeiðanda símleiðis þann 16. janúar 2018 þegar ástandsskoðun var lokið, en ekki náðist í álitsbeiðanda. Þann 24. janúar 2018 var

aftur hringt í álitssbeiðanda og svaraði hann símtalinu að sögn seljanda. Var álitssbeiðandi upplýstur um að ekki væri mögulegt að gera við farsímamann eða að bjarga gögnum af honum. Var skemmd farsímans flokkuð sem altjón. Þann 26. apríl 2018 segir seljandi að aftur hafi verið haft samband við álitssbeiðanda og kvaðst álitssbeiðandi ætla að sækja farsímamann eftir helgi að sögn seljanda. Álitssbeiðandi sótti farsímamann hins vegar ekki. Að sögn seljanda hafa ítrekaðar beiðnir verið sendar til álitssbeiðanda þar sem hann er beðinn um að sækja farsímamann og greiða reikning vegna skoðunargjaldsins. Voru beiðnirnar sendar alls 13 sinnum að sögn seljanda í tvö tilgreind farsímanúmer sem tilheyra álitssbeiðanda og föður hans. Álitssbeiðanda var síðar send ítrekun þann 9. maí 2019 og þess krafist að hann sæki farsímamann fyrir 14. maí ella yrði honum fargað. Þann 14. maí 2019 var ítrekun aftur send á álitssbeiðanda en hvorugri þeirra var svarað.

Seljandi telur að álitssbeiðandi hafi sýnt af sér verulegt tómlæti með því að sækja ekki farsíma sinn í viðgerð í alls 16 mánuði og að greiða ekki fyrir þjónustu seljanda. Telur seljandi því að engar forsendur séu fyrir kröfu álitssbeiðanda.

## V

### Athugasemdir álitssbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum sínum við andsvör seljanda bendir álitssbeiðandi á að farsíminn hafi ekki verið mikið skemmdur líkt og seljandi haldi fram, en skjár farsímans var brotinn. Álitssbeiðandi óskar eftir upplýsingum um það hvert þær ítrekuðu beiðnir sem seljandi nefnir hafi verið sendar. Segir álitssbeiðandi að seljandi hafi ekki haft símanúmer sitt fyrir en álitssbeiðandi spurðist fyrir um reikninginn, sem var sendur út eftir að búíð var að farga farsímanum. Þá kveðst álitssbeiðandi ekki muna eftir því að hafa rætt símleiðis við seljanda.

## VI

### Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitssbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið neftndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Líkt og að framan greinir óskaði álitssbeiðandi eftir þjónustu seljanda þann 15. janúar 2018 við skoðun á farsíma af gerðinni Samsung Galaxy s6 í eigu álitssbeiðanda. Álitssbeiðandi kveðst ekki hafa heyrt aftur frá seljanda fyrir en seljandi krafðist greiðslu á skoðunargjaldi að fjárhæð 3.675 krónur um það bil 16 mánuðum síðar, en þá hafði seljandi látið farga farsímanum. Álitssbeiðandi telur að seljanda hafi ekki verið heimilt að farga farsímanum og krefst þess að fá skoðunargjaldið endurgreitt.

Kæruneftndin álitur að ákvæði 37. og 38. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) eigi við um ágreining aðila, en ákvæðin eru svohljóðandi:

#### **37. gr.**

*Hafi hlutur verið afhentur seljanda þjónustu og hann ekki verið sóttur á réttum tíma vegna aðstæðna sem varða neytanda skal seljandi þjónustu annast hlutinn á kostnað neytanda.*

*Seljanda þjónustu ber að vara neytanda við því með sannanlegum hætti til hverra ráðstafana hann muni grípa. Sé söluandvirði hlutar hærra en krafa seljanda á hendur neytanda ber honum að endurgreiða neytanda án tafar þann mismun.*

#### **38. gr.**

*Hlut, sem afhentur er seljanda þjónustu og neytanda ber að sækja, er heimilt að selja á kostnað neytanda ef:*

*1. þrír mánuðir eða meira eru liðnir frá því að vinnu við hlutinn var lokið og unnt var að afhenda hann í samræmi við samning aðila enda hafi neytandi ekki á nokkurn hátt gert ráðstafanir til að sækja hann,*

*2. salan fer fram á tryggilegan hátt.*

*Ef ekki er unnt að selja hlut eða augljóst er að kostnaður vegna sölu er meiri en nemur söluverði hans er seljanda þjónustu heimilt að fleygja hlut enda sé fullnægt skilyrðum 1. tölul. 1. mgr.*

Ákvæði 38. gr. þkpl. mælir fyrir um skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt þegar söluhlut er fargað, en samkvæmt ákvæðinu þurfa að vera liðnir þrír mánuðir eða meira frá því unnt var að afhenda hlutinn og neytandi hafi ekki á nokkurn hátt gert ráðstafanir til að sækja söluhlut.

Þegar komist er að niðurstöðu í máli þessu verður að taka sanngjarnt tillit til hagsmuna beggja aðila. Umþrættur farsími var eign álitsbeiðanda. Ekkert liggur fyrir í málinu sem staðfestir að seljandi hafi haft samband við álitsbeiðanda þegar viðgerð var lokið og beðið hann um að sækja farsímann. Af gögnum málsins virðist álitsbeiðandi hins vegar ekki heldur hafa gert nokkra tilraun til að sækja farsímann á þeim 16 mánuðum sem liðu þar til álitsbeiðanda var sendur reikningur vegna skoðunarinnar.

Verður ekki annað séð, með hliðsjón af framlögðum upplýsingum og gögnum í málinu, en að skilyrði 2. mgr. 38. gr. þkpl. hafi verið uppfyllt. Álítur kærunefndin að seljandi hafi þar af leiðandi haft heimild, eins og máli þessu er háttað, til að farga farsímanum þann 14. apríl 2019. Hefur ekkert komið fram í málinu sem leiðir til þeirrar niðurstöðu að seljanda hafi verið óheimilt að krefjast greiðslu skoðunargjalds vegna skoðunar á farsímanum 16 mánuðum áður en honum var fargað.

Er kærunefndinni ekki annað fært en að hafna kröfu álitsbeiðanda.

## **VII** **Álitsorð**

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson